

- 1970 19/11 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.,
 1971 1/11 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 25. og 27. gr. um-
 ferðarlaga,
 1972 25/2 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals,
 1972 15/9 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.,
 1972 3/3 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.,
 1973 29/6 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað,
 1973 25/10 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals,
 1974 22/4 Sakfelldur fyrir ölvun við akstur, refsing ekki dæmd,
 1974 14/6 7 mán. fangelsi fyrir þjófnað og svik,
 1975 19/3 1 mán. fangelsi fyrir þjófnað (hegn.auki),
 1975 2/7 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjárdrátt
 (staðf. í Hæstarétti 28. sept. 1977),
 1975 17/12 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað,
 1976 17/11 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.

Refsing hvors hinna ákærðu verður með hliðsjón af 72., 77. og 255. gr. alm. hegningarlaga ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Þá verða ákærðu dæmdir til þess að greiða in solidum kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Dóms orð:

Ákærðu, Gunnar Sölvi Karlsson og Jóhann Maríus *Kjartan* Benediktsson, sæti hvor um sig fangelsi 8 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 26. febrúar 1981.

Nr. 218/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Samkvæmt nýju sakavottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í málinu, var ákærði í sakadómi Reykjavíkur hinn 31. október 1980 dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi (hegningarauka) fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hinn 24. nóvember 1980 í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. sömu laga, framið áður en héraðsdómur gekk í máli því, sem hér er til úrlausnar, og hinn 23. desember s. á. var hann sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og svo sömu grein, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en ekki gerð sérstök refsing.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Maríus Kjartan Benediktsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. júlí 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 22. júlí, er á dómpingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfir-

sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 393/1980: Ákærvaldið gegn Jóhanni Mariusi Kjartani Benediktssyni, Hvassaleiti 8, Reykjavík, nú refsifanga, fæddum 25. janúar 1949 í Reykjavík, „fyrir að hafa fimmtudaginn 15. maí 1980 í heimildarleysi ruðst inn í risibúð að Vonarstræti 1 í Reykjavík og hafst þar við hluta dags og þess næsta, haft þar hjá sér gesti og stolið úr íbúðinni 5.000 krónum, hnífi, gullmillu af upphlut, silfurkrossi, gullhring með rúbíni, gullhring með amebyststeini, 2 gullarmböndum, gullfesti með perlum, armbandsúri, hálsmeni með nautsmerki, hálsmeni með amebyststeini.

Telst þetta varða við 231. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Að kvöldi föstudagsins 16. maí sl. var lögregla kvödd að Vonarstræti 1 hér í borg. Þar var fyrir húsráðandi í risibúð, Sigrún Harðardóttir, nú til heimilis Granaskjóli 22. Hafði hún, er hún kom heim til sín, fundið óboðna gesti fyrir í íbúð sinni. Var hér um að ræða ákærða, félagaga hans Hinrik Jón Þórisson og Huguínu Steinunni Guðmundsdóttur, Hrístateigi 18. Huguína var farin burt, er lögregluþjónar komu á staðinn. Lögregluþjónarnir bentu Sigrúnu á að kanna, hvort munir hefðu horfið, og tilkynnti hún lögreglunni síðan, að hún saknaði úrs og skartgripa. Á ákærða fundust við leit tvö armbönd, þrjú hálsmen, þar af tvö úr gulli, gullhringur og hnífur, og svaraði þetta til muna, sem Sigrún taldi hafa horfið. Þá segir í skýrslu lögreglu, að ákærði hafi verið að setja 5.000 kr. seðil í vasa sinn og hafi hann verið tekinn af honum og afhentur vinkonu Sigrúnar, sem var í för með henni, en hún hafi talið 5.000 kr. hafa horfið úr veski sínu, sem geymt hafi verið í íbúð Sigrúnar.

Sigrún Harðardóttir heldur því fram, að auk ofantalinna muna, sem henni hafa verið afhentir, sakni hún armbandsúrs af gerðinni Pierpont, gullkúlu frá peysufötum, gullhrings með amebyststeini og gullfestar með perlu. Fari ekki hjá því, að munir þessir hafi horfið úr íbúð hennar þennan dag. Sigrún fullyrðir, að íbúð hennar hafi verið læst með smekklás, en svo hátti til, að auðvelt hafi verið að komast milli stafs og hurðar til þess að opna smekklásinn.

Sigrún hefur ekki gert fjárkröfur í þessu máli, en krefst þess, að ákærða verði refsað fyrir að ryðjast í heimildarleysi inn í íbúð hennar.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi farið inn í íbúðina í þeirri trú, að þar byggi enn maður, sem hann þekkir og Hörður heitir, en hann hafði búið þar áður, en verið fluttur, án þess ákærða væri um það kunnugt. Ákærði kveðst ekki hafa farið inn í þjófnaðarskyni. Það hafi verið fimmtudaginn 15. maí sem hann fór inn í íbúðina og þá hafi Hugrún Steinunn komið þangað til hans. Næsta dag kveðst ákærði hafa farið á ný í íbúðina og þá hafi hann boðið Hinrik Jóni Þórisssyni þangað með sér og þeir setið þar saman að sumbli. Þeir hafi síðan náð í Hugrúnu Steinunni og hún verið þar með þeim, er stúlkur tvær komu þangað til þeirra og sögðu Hörð ekki búa þar lengur.

Ákærði kannast við, að áðurnefndir munir hafi fundist á honum og að hann hafi tekið þá þarna í íbúðinni í því skyni að gefa þá stúlkum, sem komið hafi til hans í íbúðina, en hann hafi svo horfið frá því. Ákærði neitar því, að hann hafi tekið peninga í íbúðinni. Hann hafi átt 5.000 króna seðil þann, sem af honum var tekinn, eins og aðra þá peninga, sem á honum voru við handtöku, en þeir námu skv. lögregluskýrslu 112.000 kr. Ákærði kannast ekki við, að hann hafi tekið úrið né þá þrjá skartgripi, sem Sigrún saknar enn.

Lögreglan lagði auk áðurnefndra verðmæta hald á segulbands-tæki, sem þeir félagar voru með í íbúðinni. Einnig skilaði Sigrún Harðardóttir peningaveski og bók, sem hún hafði fundið í íbúðinni. Rannsókn var beint að því, hvornig ákærði eða Hinrik Jón hefðu komist yfir þessa muni, en segulbandinu hafði verið stolið úr versluninni Japis, bókinni úr bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, og veskið var eign stúlku úr Kópavogi, er taldi líklegt, að því hefði verið stolið úr vasa hennar í eða við áfengisverslunina við Lindargötu. Taldi ákærði féлага sinn Hinrik Jón mundu hafa stolið munum þessum, en Hinrik neitaði því. Eins og mál þetta liggur fyrir, er óþarft að rekja þennan þátt rannsóknarinnar nánar.

Niðurstöður.

Sannað þykir, að ákærði hafi ruðst í heimildarleysi inn í íbúð Sigrúnar, þótt ekki verði fullyrt, að hann hafi í fyrstu gert það í þjófnaðarskyni. Fyrir atferli þetta ber að refsa honum skv. 231. gr. alm. hegningarlaga, enda tjóar honum eigi að bera það fyrir sig, að hann hafi haldið annan mann búa í íbúðinni.

Sannað þykir, að ákærði hafi tekið þarna í íbúðinni muni þá, er á honum fundust og áður var lýst, og að hann hafi slegið eign

sinni á þá. Varðar það ákærða refsingu skv. 244. gr. alm. hegningarlaga. Ekki er fullsannað, að ákærði hafi tekið þarna 5.000 kr. í peningum, og sömuleiðis verður hann ekki sakfelldur fyrir töku á þeim munum, sem Sigrún Harðardóttir saknar (gullkúlu, hringi með ameyst og gullfesti).

Ákærði hefur síðan 1970 sætt alls 17 refsíðómum, svo sem nú verður rakið:

- 1970 19/11 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
 1971 1/11 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga.
 1972 25/2 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
 1972 15/9 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.
 1972 3/3 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals o. fl.
 1973 29/6 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
 1973 25/10 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
 1974 22/4 Sakfelldur fyrir ölvun við akstur, refsing ekki dæmd.
 1974 14/6 7 mán. fangelsi fyrir þjófnað og svik.
 1975 19/3 1 mán. fangelsi fyrir þjófnað (hegningarauki).
 1975 2/7 6 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjárdrátt (staðf. í Hæstarétti 28. sept. 1977).
 1975 17/12 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1976 17/11 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
 1979 14/2 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
 1979 20/8 Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, refsing ekki dæmd.
 1979 20/8 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.
 1980 14/4 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað.

Dæma ber ákærða refsingu með hliðsjón af 72. og 255. gr. alm. hegningarlaga, þar sem hann er vanaafbrotamaður. Refsingin er ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr.

Dóms orð:

Ákærði, Jóhann Marius Kjartan Benediktsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr.